

Mæting: Agnes, Elísabet Rakel, Fanney, Frida, Kjartan og Þorbjörg. Einn meðlimur hafði með sér aðstoðarmanneskju.

Fundarstjóri: Þorbjörg

Ritari: Agnes

Fundur byrjar 15:14

- Fundur metinn löglegur þar sem ekki er krafa um lágmarksfjölda í mætingu, reglum um auglýsingar var fylgt eftir og fundur var auglýstur tæpum mánuði fyrir fund, 24. febrúar, bæði á samfélagsmiðlum og í gegnum tölvupóst.
- Skýrsla stjórnar lögð fram. Félagið er rekið með tapi eins og er og það gæti þurft að hætta að hafa veitingar á hittingum, eða minnka það eitthvað. Hugmynd kom upp um að fara í herferð að reyna að fá fleiri til að taka þátt og kynna það betur fyrir fólki hvaða merkingu það hefur fyrir félagið og hversu lítil skuldbinding það er í raun fyrir félaga. Það eru töluvert fleiri sem fylgja okkur á samfélagsmiðlum en eru skráðir í félagið.
- Félagsgjöld verða þau sömu og áður, 1000 krónur árið. Styrkir velkomnir.
- Ekki var nógu góð mæting á fund til að fá skoðunarmann reikninga og þarf því að athuga það fyrir aukafund.
- Áhyggjur af framtíð mánudagshittinga en Elísabet, Agnes og Frida munu reyna að halda þeim gangandi ef áhugi er enn fyrir hendi.
- Hugmyndir voru uppi fyrir lagabreytingar á síðasta fundi en voru aldrei kynntar félagsmönnum og því ekki unnt að taka þær fyrir. Því var ákveðið að halda aukafund í maí. Fleiri uppástungur voru lagðar fram á fundi og munu þær einnig verða á dagskrá. Ákveðið var að hafa auka aðal fund kl. 19:30, hálf tíma fyrir mánudagshitting 11. maí og gefa fólki einnig tækifæri á að taka þátt á rafrænu formi (Zoom).

- Stjórn hefur ekki burði til að taka þátt í Gleðigöngunni í ár vegna manneklu en hugmyndir eru uppi um að halda ef til vill viðburð í staðinn og sækja þá um í viðburðarpott Hinsegin daga.
- Tillögur að breytingum í lögum:
  - 4.1 Stjórn félagsins skal skipuð félagsmönnum. Stjórn skipa fimm félagsmenn, þau skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfund.
    - Ef ekki næst í fimm manna stjórn á aðalfundi getur stjórn starfað með aðeins þremur félagsmönnum en alltaf skal stefnt að því að hafa fimm ef hægt er.
  - 7.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund rafrænt.
    - 7.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins fjórum vikum fyrir aðalfund.
  - 3.2 Rétt til fundarsetu hafa eingöngu gildir félagar.
    - 3.2 Allir hafa rétt til fundarsetu en eingöngu gildir félagar geta kosið.
  - 5.1. Félagshundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og/eða fjölmiðli.
    - 5.1. Stjórn fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda nema beðið sé um félagafund. Boða skal til fundar með minnst tveggja vikna fyrirvara rafrænt með tölvupósti og auglýsa á allavega einum samfélagsmiðli og/eða fjölmiðli.

Ekki náðist í fimm manna stjórn á aðalfundi í ár og því er mikilvægt að taka þessa breytingar fyrir en einnig reyna að finna fimmtu manneskjuna í stjórn á auka-aðalfundi.

Fundi slitið 16:21